RÍKISENDURSKOÐUN
Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1103
komudagur 9.3.2009

| | Dagsetning | Tilvísun |
|---|---|---|
| Nefndasvið Alþingis<br>Austurstræti 8-10,<br>150 Reykjavík. | 6. mars 2009 | A-8<br>LÖ/bb |

Vísað er til erindis viðskiptanefndar Alþingis frá 4. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Ríkisendurskoðunar um eftirgreind þrjú frumvörp:

1. Frumvarp til laga um breyting á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, 356. mál. Markmið frumvarpsins er að auka gagnsæi á eignarhaldi og atkvæðisrétti hluthafa í íslenskum hlutafélögum og tilteknum einkahlutafélögum sem og að stuðla að jafnari hlutföllum kvenna og karla í áhrifastöðum þessara félaga.
2. Frumvarp til laga um breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, 358. mál. Frumvarpinu er ætlað að auka gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins með því að veita því heimild til að greina frá niðurstöðum mála og athugana er byggjast á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Gert er ráð fyrir að sambærileg heimild í lögum verðbréfaviðskipti verði felld niður.
3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum er varða fjármálamarkaði, 359. mál. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að bætt verið inn í ýmis lög er varða fjármálamarkaðinn ákvæðum um niðurfellingu, þ.e.a.s. að milda eða fella niður að fullu viðurlög þegar fyrirtæki eða einstaklingar gefa sig fram sjálfviljugur fram, játar brot gegn lögum og vinnur með eftirlitsaðila að rannsókn máls.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við ofangreind frumvörp.

Sími / telephone: (+354) 569 7100, myndsími / telefax: (+354) 562 4546, kennitala / Id.no. 540269-1819,
netfang / e-mail: postur@rikisend.althingi.is, heimasíða / http: www.rikisend.althingi.is